

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

12. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026 9.6.2023

Árið 2023, Föstudaginn 9. júní 2023 kl. 9:00, var haldinn 12. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, Bragi Þór Thoroddsen, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Yordan Slavov Yordanov í fjarfund.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 12. fund sveitarstjórnar.
2. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2022 – fyrri umræða.
3. Skipan fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða – erindi sbr. tp. dags. 26.5.2023.
4. Framkvæmdir í Súðavík.
5. Fundargerð 7. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar 8.6.2023.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 12. fund sveitarstjórnar.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2022 – fyrri umræða.
Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2022 var samþykktur samhljóða.
3. Skipan fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða – erindi sbr. tp. dags. 26.5.2023.
Sveitarstjórn tilnefnir Anítu Björk Pálínudóttur og Braga Þór Thoroddsen sem fulltrúa.
4. Framkvæmdir í Súðavík.
Vatnslögn að suðurgarði Súðavíkurhafnar: Sveitarstjórn leggur til að þeirri framkvæmd verði lokið og lögð vatnslögn (90mm) til þess að þjóna brunavörnum samhliða og settur upp brunahani við höfnina.
Frágangur á geymslsvæði verði kláraður og sveitarstjóra falið að afla tilboða í öryggismyndavél, hliðgrind og rafmagnstengingar auk lýsingar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the initials 'RS', 'KS', and 'V.S.'.

Sveitarstjórn leggur til að bílastæði verði klárað við Aðalgötu ef eignarhald skýrist og leyfi fæst frá þeim sem gera tilkall í spilduna.

5. Fundargerð 7. fundar fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefndar 8.6.2023.

Sveitarstjórn gerir þær athugasemdir við 4. lið fundargerðar, framkvæmdir við sundlaug í Árdal, að ekki sé hægt að gefa leyfi til framkvæmda án þess að tilskilin leyfi og utanumhald verði tryggð. Erindi vísað til skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Sveitarstjóra falið að kanna hver fari með umsjón fornminja í Vatnsfirði og skoða aðgengismál fyrir ferðamenn og uppsetningu á snyrtingu og afmörkun svæðis.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:00

Bragi Þór Thorodsen



Jónas Ólafur Skúlason



Yordan Slavov Yordanov

Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti

